

Börkur Sigurbjörnsson

20F

örsaga



Urban Volcano

20F

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017

<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson



Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniú ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.

$$20F = 527 = 17 \times 31$$

$$\stackrel{?}{=} 17 \times 3 + 1 \stackrel{?}{=} 17 \times 4 \stackrel{?}{=} 17A$$



20F

„Gluggasæti,“ svaraði ég þegar flugvallarstarfsmaðurinn spurði mig hvort ég vildi sitja við glugga eða gang.

„Ég á 17A,“ sagði maðurinn. „Hvernig hljómar það?“

„Það gengur engan veginn,“ svaraði ég. „Ég get ekki verið í A-sæti. Ég get ekki horft yfir hafið þegar við komum inn til landingar. Ég þarf fast land fyrir augum. Ég get ekki hugsað mér að lækka flugið ofan í hafið. Áttu ekkert F-sæti laust?“

„Jú,“ svaraði maðurinn. „20F er á lausu.“

„20F,“ apaði ég upp eftir manninum. „Það er 527 í sextánundarkerfinu. 17 sinnum 31. 17 sinnum 3 plús 1. 17 sinnum

4. 174. Sem er næstum eins og 17A. Nánast sama sæti og þú bauðst mér fyrst.“

„Ha?“ spurði flugvallarstarfsmaðurinn. „Gengur það ekki heldur?“

„Jú,“ svaraði ég. „Vertu ekki með þessa vitleysu. Auðvitað gengur það.“

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano